

árás ákærða var algerlega tilefnislaus, en hins vegar með hliðsjón af ungum aldri ákærða og því að hann gekkst greiðlega við broti sínu og hefur verið samvinnufús við rannsókn og meðferð málsins.

Telst hún hæfilega ákveðin 6 ára fangelsi.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. apríl sl. skal koma til frádráttar fangelsisrefsingunni.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000 og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Arnar Clausen hrl., kr. 25.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hilmar Þórir Ólafsson, sæti fangelsi í 6 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. apríl 1985.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hrl., kr. 25.000.

Þriðjudaginn 25. febrúar 1986.

Nr. 194/1983. **Jónas Jónsson**

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Steypustöðinni h.f.

(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Samningar. Lausafjárkaup. Galli. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1983. Hann krefst þess að sér verði aðeins dæmt að greiða stefnda 7.258,82 krónur með 47% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 20. september s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. októ-

ber s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984 en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi ekki á því, að stefndi hafi afgreitt til hans þjálfniefnið „Flot 78“ í stað efnisins „melments“ sem um hafi verið beðið. Þá heldur stefndi því ekki fram að áfrýjandi hafi fyrirgert þeim rétti til skaðabóta, sem hann kynni að vera talinn hafa átt, vegna of síðbúinnar kvörtunar.

Fyrir dómi skýrði Jón Ólafsson skrifstofustjóri stefnda svo frá að hann hefði vísað áfrýjanda á Halldór Jónsson verkfræðing er áfrýjandi ræddi við hann um steypu í útveggi húss síns og um þjálfniefni til íblöndunar í steypuna. Í skriflegri aðiljaskýrslu hefur áfrýjandi sjálfur greint frá því, að Jón hefði látið þess getið við sig, að Halldór „hefði manna mest vit á steypu og gott væri að fá álit hans á þessu.“ Ekki verður séð að áfrýjandi hafi farið eftir þessari ábendingu og leitað nánari upplýsinga hjá Halldóri um blöndun steypunnar með þjálfniefni áður en frá pöntun var gengið. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann bæði um kröfu stefnda hér fyrir dómi í aðalsök í héraði og um gagnkröfur áfrýjanda.

Í vætti sínu sagðist Jóhannesi Óla Garðarssyni svo frá, að steypukaupendur hefðu haft frest til að greiða kaupverð steypunnar til loka næsta mánaðar eftir úttekt. Þessum framburði hefur hvorugur aðilja mótmælt sérstaklega. Verða stefnda því með vísan til 2. mgr. 38. gr. laga nr. 39/1922 aðeins dæmdir vextir af hinu ógreidda kaupverði frá 1. nóvember 1980.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því að dæmdir vextir reiknast frá 1. nóvember 1980.

Áfrýjandi, Jónas Jónsson, greiði stefnda, Steypustöðinni h.f., 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júlí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní sl., höfðaði Steypustöðin h.f., nnr. 8514-1058, Sævarhöfða 4, Reykjavík gegn Jónasi Jónssyni, nnr. 5259-7226, Malarási 7, Reykjavík fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 29. apríl 1982.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða skuld að fjárhæð kr. 21.699,93 með 46% ársvöxtum frá 1. október 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim tíma til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim tíma til þingfestingardags en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ og með hliðsjón af málskostnaðarreikningi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 7.258,82 með 47% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til greiðsludags og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að fjárhæð kr. 46.702,32, en stefndi gerir gagnkröfu í málinu er síðar verður nánar lýst.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 22. september 1980 keypti stefndi 44,5 m³ af steinsteypu hjá stefnanda fyrir gkr. 1.907.493,00, 350 ltr. af þjáltniefninu Flot 78 fyrir gkr. 262.500,00 og nam því kaupverðið samtals gkr. 2.169.993,00. Stefndi krefur stefnda í máli þessu um greiðslu kaupverðsins. Stefndi telur sér ekki skylt að greiða þessa skuld að fullu af tveimur ástæðum.

Í fyrst lagi hafi hin selda vara verið gölluð sem valdið hafi sér tjóni sem stefnanda sé skylt að bæta og í öðru lagi hafi stefnandi lofað samkvæmt samningi að gefa 16% afslátt af kaupverði án tillits til þess hvar og hvenær það væri greitt. Stefndi telur að hann eigi gagnkröfu á hendur stefnanda sem nemi kr. 7.258,82 lægri fjárhæð en krafa stefnanda miðað við upphæð krafanna 1. júní sl.

Hinn 1. júní sl. gáfu skýrslu fyrir dóminum framkvæmdastjórar stefnanda, verkfræðingarnir Sveinn Valfells og Halldór Jónsson, stefndi Jónas Jónsson skrifstofumaður, Jörundur Guðlaugsson múrarameistari hjá stefnda, Baldur Jónsson húsasmíðameistari, smíður stefnda, Ottó Gíslason, verkstjóri hjá stefnanda, Jón Ólafsson, gjaldkeri hjá stefnanda og Jóhannes Óli Garðarsson framkvæmdastjóri.

Hinn 27. júní sl. gáfu skýrslu fyrir dóminum matsmennirnir Jón Birgir Jónsson verkfræðingur og Ríkharður Kristjánsson verkfræðingur.

Á árinu 1980 var stefndi með í smíðum einbýlishús að Malarási 7 hér í borg. Allmargir húsbyggjendur á sömu slóðum bundust óformlegum samtökum og sömdu við stefnanda um kaup á steinsteypu og var forsvarsmaður þeirra Jóhannes Óli Garðarsson framkvæmdastjóri. Samningur þessi var munnlegur.

Framkvæmdastjórar stefnanda sem báðir áttu hlut að samningsgerðinni halda því fram að samið hafi verið um að húsbyggjendur fengju afslátt af kaupverði steinsteypunnar, en mismunandi eftir því hvernig greiðslum væri hagað og hefði þar verið um fjóra kosti að velja. Í fyrsta lagi; greiddi kaupandi steinsteypuna innan 10 daga frá afhendingu fengi hann 26% afslátt af kaupverði. Í öðru lagi; greiddi kaupandi steinsteypuna innan 30 daga fengi hann 20% afslátt. Í þriðja lagi; greiddi kaupandi helming út og helming með vixli til 75 daga fengi hann 16% afslátt og í fjórða lagi greiddi kaupandi 30% út og eftirstöðvar þegar hann fengi fyrsta hluta húsnæðismálastjórnarláns fengi hann sama afslátt.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að stefndi hafi fyrirgert öllum rétti sínum til afsláttar af kaupverði þar sem hann hafi ekki greitt kaupverð steinsteypunnar með einhverjum þeim hætti sem um var samið og aldrei boðið fram greiðslu.

Stefndi heldur því hins vegar fram að stefnandi hafi gefið húsbyggjendum 16% magnafslátt af kaupverði steinsteypunnar án tillits til hvernig greiðslum væri háttað, 10% viðbótarafslátt væri greitt innan 10 daga frá afhendingu, 4% viðbótarafslátt væri greitt innan 30 daga frá afhendingu. Þá hefðu húsbyggjendur átt þess kost að greiða helming kaupverðs út og helming með vixli til 75 daga eða 30% út og eftirstöðvar þegar þeir fengju fyrsta hluta húsnæðismálastjórnarláns. Sannað sé með framburði Jóhannesar Óla Garðarssonar framkvæmdastjóra að samningurinn hafi verið þessa efnis. Í sömu átt bendi það að stefnandi hafi greitt steypu sem hann hafi tekið út 23. júlí 1980 með vixli hinn 27. ágúst en sá víxill hafi ekki verið með gjalddaga fyrr en 20. desember s.á.

Verði þetta ekki talið sannað beri þess að gæta að hér sé um neytenda-kaup að ræða og eigi stefnandi að sanna að samningurinn hafi verið annars efnis en stefndi haldi fram og honum hafi ekki tekist sú sönnun. Stefndi eigi samkvæmt samningnum enn rétt á því að fá 16% magnafslátt af kaupverði steypunnar. Greiðslusynjun stefnda hafi verið réttmæt vegna galla á steypunni en hann hafi alltaf verið reiðubúinn til þess að greiða þann mun sem kynni að vera á verði steypunnar og kostnaði vegna viðgerðar á göllunum.

Jóhannes Óli Garðarsson framkvæmdastjóri, forsvarsmaður húsbyggjenda gagnvart stefnanda, kannaðist við þá greiðslumöguleika sem aðilar málsins lýstu. Hann kvað hafa verið samið um 16% magnafslátt af kaup-

verði steinsteypunnar og taldi að þann afslátt hefðu menn átt að fá svo lengi sem þeir greiddu samkvæmt samkomulaginu eða semdu um greiðslu við stefnandann á annan veg. Ekki hefði verið rætt um í samningunum hvað við tæki ef ekki yrði samið um greiðslur. Hins vegar hefðu dráttarvextir verið reiknaðir af kaupverði að liðnum úttektarmánuði og næsta mánuði á eftir og kvaðst Jóhannes sjálfur hafa litið svo á að skuldirnar væru komnar í vanskil að þessum tíma liðnum.

Að grunnfleti er hús stefnanda um 130 m² hæð og kjallari sem er þó aðeins minni þar sem hann er inndreginn. Lágt ris er á húsinu. Húsið átti ekki að múrhuða að utan heldur pokapússa. Slegið var upp fyrir göflum hússins að utan með standandi borðaklæðningu heflaðri og innan á hana voru settir lóðréttir listar á öll samskeyti borðanna og á þriðja hvert borð var settur listi á miðju en listar þessi áttu að móta grunnar raufar í steypuflötinn til útlitsprýði. Fyrir hliðarveggjum var slegið upp að utanverðu með krossviði. Allt innra byrði mótanna var úr láréttri borðaklæðningu. Útveggir hússins eru 18 cm á þykkt.

Hvarvetna á veggjum hússins upp undir þakskeggi eru lágir gluggar ca 30 cm á hæð og á milli þeirra eru súlurnar ýmist 15 eða 20 cm á breidd en fram úr súlunum ganga jafnbreiðir bitar er ná nokkuð út fyrir veggflötinn. Mót fyrir bitunum voru lokuð allan hringinn þannig að þau voru sem útskot úr súlunum á milli glugganna. Alla útveggi átti að járna með einfaldri járnagrind með 20 cm möskvastærð.

Augljóst er að flókið og vandasamt hefur verið að slá upp fyrir húsinu. Þá er og augljóst að með sama hætti hefur verið erfitt að leggja steypuna í mótin einkum fyrir neðan glugga en þangað var steypunni dælt ýmist í gegnum súlurnar á milli glugganna eða um vasa fyrir neðan þá. Múrara-meistari stefnda, Jörundur Guðlaugsson sem annaðist niðurlögn steypunnar, kvaðst ekki hafa lent í erfiðari niðurlögn steypu sérstaklega að því leyti að lengi vel hefði ekki verið hægt að sjá hvað verið væri að gera og er ástæðan sú að ekki var hægt að sjá niður í mótin fyrir neðan glugga.

Stefndi hefur lýst því að mikil vinna hafi verið lögð í uppsláttinn og járnabindingu þar sem ekki hafi átt að múrhuða húsið að utan heldur pokapússa. Hann hafi haft samband við Jón Ólafsson, gjaldkera hjá stefnanda, og tjáð honum að hann þyrfti á að halda verulega góðri steypu svo að hin mikla vinna og kostnaður nýttist. Stefndi kvaðst hafa lagt áherslu á gæði steypunnar og tjáð honum að þótt hún kostaði meira en steypa af styrkleikanum S-200 þá skipti það ekki máli. Stefndi kveðst hafa spurt Jón út í þjálfiefnið „melment“ en á þessum tíma hafi mikið verið til umræðu steypa í húsi Tannlæknadeildar Háskóla Íslands sem blönduð hafi verið „melmenti“. Jón hafi tjáð sér að stefnandi hefði selt steypu í þetta hús og hefði melmenti verið blandað í hana á staðnum. Þeir Jón hefðu haldið

áfram umræðum sínum og síðar hefðu tekið þátt í þeim tveir aðrir starfsmenn stefnanda. Þá hefði komið fram að stefnandi væri byrjaður að selja þjáltniefni, Flot 78, og hefðu þeir sagt að það efni ætti að hafa sömu eiginleika og „melment“ en ekki hefðu þeir viljað mæla með því þar sem engin reynsla væri komin á það.

Jón Ólafsson kvaðst hljóta að hafa bent stefnda á það í samtalinu við hann að „melment“ væri ekki að fá hjá stefnanda því að það efni hefði hann ekki haft til sölu. Þeir hefðu hins vegar rætt vítt og breitt um þjáltniefni. Hann kvaðst hafa vísað stefnda á Halldór Jónsson verkfræðing í þessu sambandi.

Stefndi kvaðst síðan hafa rætt við múrarmeistara sinn og hefðu þeir orðið sammála um að panta steypu með „melmenti“. Þegar að því kom að steypa vegg hússins hefðu þeir pantað steypu hjá Ottó Gíslasyni, verkstjóra hjá stefnanda, reyndar sitt í hvoru lagi. Ottó hafi tjáð sér að engin vandkvæði væru á því að fá „melment“ og ekkert rætt um að það efni þyrfti að panta annars staðar. Hann hefði ekki minnst á Flot 78 fremur en það væri ekki til.

Jörundur Guðlaugsson múrarmeistari sagði að hann hefði rætt við Ottó um „melment“ þegar hann pantaði steypuna og hefði engin fyrirstaða verið á því að fá efni í steypuna en þó væri það ef til vill ekki alveg ljóst hvort um „melment“ hefði verið að ræða. Sjálfur hefði hann ekki rætt um annað og ekkert hefði hann verið búinn að heyra um efnið Flot 78 á þessum tíma.

Ottó Gíslason sagðist sjá í bókum sínum að í steypuna hefði verið pantað efnið Flot 78 og steypa af styrkleikanum S-200.

Jörundur kvaðst hafa beðið um steypu af þeim styrkleika sem getið væri um á teikningum af húsinu en það er S-200.

Stefndi kvaðst ekkert hafa minnst á styrkleikaflokk steypunnar þegar hann pantaði hana en hann hefði ætlast til að stefnandi afgreiddi steypu af þeim styrkleika sem nauðsynlegur væri til þess að þjáltniefnið skilaði sem bestum árangri.

Stefndi fékk afgreidda steypu af styrkleikaflokknum S-200 með þjáltniefninu Flot 78.

Í upphafi málsóknar var því haldið fram af hálfu stefnda að það væri galli á steypunni að hún hefði verið blönduð þjáltniefninu Flot 78 en ekki „melment“, en síðar var fallið frá þessari málsástæðu.

Þegar slegið var frá veggjum segir stefndi að eftirfarandi hafi komið í ljós:

„Greinilegt var að steypan hefði aðskilist víða, bæði voru göt á veggjunum og sums staðar var hrein mól án nokkurs bindiefnis, sem plokka mátti niður með berum höndum. Á einum stað hreinlega hrundi steypan, þegar mótin voru tekin af.“

Þessi lýsing stefnda á fyrst og fremst við um gafla hússins, sem nú er búið að hrauna. Ekki hefur verið gengið frá hliðum hússins og líta þær því eins út og þegar slegið var frá þeim. Steypa þar er með góðri áferð, þó eru lítills háttar hreiður á stöku stað. Á einum stað mun þó gat hafa verið í gegnum vegginn.

Jörundur Guðlaugsson, múrarmeistari stefnda, annaðist niðurlögn steypunnar. Með honum unnu þrír starfsmenn hans, smiður stefnda svo og stefndi. Jörundur sagði að starfsmenn sínir hefðu unnið töluvert við niðurlögn steypu. Jörundur kvaðst hafa stjórnað dælurörinu á dælubilnum og tveir menn hefðu verið með „vibratorinn“. Reynt hafi verið að leggja steypuna í jöfn lög hringinn í mótunum. Erfitt hefði þó verið að sjá hvort hvert lag hefði verið jafnt á hæð allan hringinn. Steypuna fyrir neðan glugga hafi orðið að „víbra“ blindandi. Bílstjórinn á steypubilnum blandaði þjáltniefninu í á staðnum og kvaðst Jörundur engar fyrirskipanir hafa gefið um það hvorki magn þess né annað. Ekki hafi staðið á steypunni, hún hafi borist að jafnt og þétt allan tímann sem steyppt var. Ekki hafi orðið neinar tafir við niðurlögn steypunnar. Vinnupallar hafi verið meðfram útveggjum að innanverðu trúlega 4-5 borðabreiddir. Vel geti verið að Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, hafi gert athugasemdir við vinnupallana, en hann kom á staðinn meðan verið var að steypa, en Jörundur kvaðst þó ekki muna það. Jörundur kvað vinnuaðstöðuna hafa verið venjulega miðað við það sem tíðkaðist.

Jörundur kvaðst einu sinni áður hafa lagt niður steypu sem blönduð hefði verið þjáltniefni. Það hefði verið í innisundlaug og hefði steypa verið hrærð í hrærivél á staðnum. Þetta verk hefði hann unnið fyrir verkfræðing hér í borg og hefði hann fengið upplýsingar um það hvernig efni þetta virkaði og vitað að ekki mætti of langur tími líða frá því að þjáltniefninu væri blandað í steypuna þar til hún væri lögð í mót því að áhrif þjáltniefnisins dofnuðu. Hann hefði og vitað að hús Tannlæknadeildar Háskólans hefði verið steyppt úr steypu blandaðri þjáltniefni. Ekki kom fram að Jörundur hefði leitað til verkfræðinga stefnda um upplýsingar.

Eins og fram hefur komið var steypunni dælt í mót hússins að Malarási 7. Dælubillinn var pantaður hjá fyrirtækinu Steypi hf. Stefndi á 40% hlutfjár í því fyrirtæki, Sveinn Valfells er stjórnarformaður fyrirtækisins og á u.þ.b. 1% hlutfjár, Jón Ólafsson skrifstofustjóri stefnanda og gjaldkeri á 20% hlutfjár. Aðrir hluthafar eru Svavar Höskuldsson og Vignir Benediktsson, en þeir koma ekki við sögu í þessu máli. Svavar, Vignir og Jón eiga ekki hlutfé í stefnanda.

Pöntun á dælubilnum mun hafa verið gerð í samræmi við þá venju að stefndi útvegar dælubil sé þess óskað og kveðst Jörundur múrarmeistari hafa gert það. Dælubillinn var með röri sem ekki var á hindrun til þess

að draga úr fallhraða steypunnar áður en hún féll í mótin en slíkur útbúnaður mun ekki hafa verið tíðkanlegur fyrr en eftir þann tíma að hæð hússins að Malarási 7 var steyppt.

Með bréfi dagsettu 16. maí 1983 tilkynnti stefndi Steypi hf. um málsókn þessa og segir svo í niðurlagi bréfsins:

„Niðurstaða málsins kann því að varða Steypi hf. nokkru og er því eðlilegt að félagið fái tilkynningu um málið þó frá stefnda sé þannig að Steypir hf. geti með stöð í 50. gr. 1. nr. 85/1936 gætt mögulegra hagsmuna sinna í málinu.“

Steypir hf. hefur engar ráðstafanir gert varðandi málsókn þessa.

Sveinn Valfells, framkvæmdastjóri stefnanda, sagði að vitað hefði verið frá því að stefnandi tók að selja þjálniefni í steypu fyrir 3-4 árum síðan að minni hættu væri á aðskilnaði eftir því sem meira sement væri notað en svo væri einnig um alla steypu.

Stefnandi hafi ekki auglýst fyrr en á árinu 1982 að ekki væri æskilegt að gera veikari steypu en S-250 léttfljótandi með flotefnum. Ástæða þess að þetta hefði verið auglýst sé sú að forráðamenn stefnanda hafi orðið varir við að múrarameistarar hafi notað Flot 78 í steypu S-200. Hins vegar geti stefnandi ekkert við það ráðið hann afhendi einungis það sem pantað sé á byggingarstaðinn. Stefnandi gefi engar ráðleggingar varðandi steypu nema sérstaklega sé beðið um þær og telji sig enga leiðbeiningarskyldu hafa.

Sveinn kvaðst ekki minnast þess að kvartanir hefðu borist stefnanda vegna steypunnar sem fór að Malarási 7. Hann kvaðst hafa skoðað húsið að Malarási 7 eftir að það hefði verið steyppt upp.

Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri stefnanda, taldi að stefnandi hefði byrjað að selja Flot 78 á árinu 1979 en efnið hafi fyrst orðið eftirspurt á árinu 1980. Stefnandi hefði aldrei verið beðinn um ráðgjöf varðandi steypuna að Malarási 7. Steypumót þyrftu að vera mjög þétt þegar þjálniefni væri notað í steypuna, annars væri hættu á að fíni hluti steypunnar læki út um mótin.

Halldór kvaðst hafa komið að Malarási 7 þegar verið var að steypa útveggina. Hann hefði gert athugasemd við það hve vinnupallar hefðu verið lélegir og hann hefði ekki undrast þótt eitthvað yrði að eins og aðstaðan að leggja niður steypuna hefði verið. Halldór kvaðst hafa skoðað steypuna eftir að slegið var frá veggjunum.

Í bréfi til bæjarþings Reykjavíkur dags. 19. júlí 1982 bað stefndi um að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir matsmenn til þess að láta í té skriflegt og rökstutt álit á álítaefnum sem nánar eru tilgreind í matsbeiðninni og rakin verða á eftir.

Hinn 27. júlí voru verkfræðingarnir Rikharður Kristjánsson og Jón Birgir Jónsson dómkvaddir til að framkvæma hið umbeðna mat.

Matsgerð þeirra er dagsett 25. apríl 1983.

Við rannsóknir Rannsóknastofnunar Byggingariðnaðarins, sem fram fóru að beiðni matsmanna, kom í ljós að sementsmagn í steypunni mældist 211-250 kg/m³, fínefnamagn undir 0,30 mm mældist 394 kg/m³ og samkvæmt umreikningi matsmanna var fínefnamagn undir 0,25 mm 353 kg/m³. Loftmagn steypunnar var einnig ákvarðað og reyndist það 1,9% sem matsmenn segja mjög lágt en æskilegt loftmagn sé a.m.k. 4,5 - 5,5%.

Þá segir í matsgerðinni að algeng viðmiðunargildi f. flotsteypu sé 300 kg/m³ af sementi og 400-450 kg/m³ af fínefnum undir 0,25 mm.

Í framhaldi af þessum upplýsingum segir í matsgerðinni:

„Ljóst er að bæði fínefnamagn og sementsinnihald steypunnar í Malarási 7 liggur fyrir neðan þau mörk sem æskileg eru talin fyrir steypu sem gera á fljótandi. Kornadreifing fylliefna er góð miðað við venjulega steypu en í grófara lagi fyrir flotsteypu. Örmsáar loftbólur í steypunni geta hjálpað mjög fínefnasnauðri steypu. Í þessu tilfelli er loftmagnið mjög lítið en ekki ólíklegt að loftið hafi minnkað við íblöndun þjálniefnisins og síðan enn meir við dælinguna.“

Þá segir eftirfarandi um steypu sem dæla á:

„Það sem einkum er mikilvægt er að innri samloðun steypunnar sé góð auk ýmissa þátta sem geta auðveldað dælingu. Ef hætta er á aðskilnaði, eykst sú hætta en við íblöndun þjálniefnanna, þá eykst þessi hætta ennþá meir við dælingu. Einkum á þetta við ef steypan fellur óhindruð í beinu dælurörinu þannig að steypustraumurinn rofnar. Í frjálsu falli er veruleg hætta á að grófari malarkornin skilji sig frá.“

Dreifing stærðar á fylliefnum fellur vel innan þeirra marka sem æskileg eru talin fyrir steypu til dælingar. Fínefnainnihaldið er þó í lægra lagi. Æskilegt sementsmagn er talið vera u.þ.b. 1/7 af fylliefnamagni og væri þá u.þ.b. 300 kg/m³ en var 211-250 kg/m³ í athugun Rb. Engu að síður er vitað að steypu með slíku sementsmagni hefur verið dælt, en þá þarf að viðhafa varúð og láta steypustrauminn ekki rofna eða falla frjálsan. Tilraunir og reynsla sýna að flotsteypa er vel dælanleg, en illa útfærð dæling eykur á þær hættur sem fljótandi steypa með mjög lágu sementsmagni felur í sér. Þetta á einkum við ef steypan fellur frítt niður há rör og straumurinn rofnar.

Samantekið. Steypu með þeirri samsetningu, sem mældist í athugun Rb ætti að vera hægt að dæla. Hún er þó erfið, krefst mikillar aðgætni og hætta er á aðskilnaði.“ Lýsing á steypunni í Malarási 7, þegar matsmenn skoðuðu hana fer hér á eftir:

„Þegar matsmenn skoðuðu húsið var búið að hraunhúða vegg annarrar hæðar. Þar með var búið að hylja mikinn hluta þeirra flata sem taldir voru skemmdir í matsbeiðni og fyrri skýrslu Rb (fylgiskjöl A). Matsmönnum er ekki mögulegt að taka afstöðu til steypunnar undir hraunhúðuninni. Á hinn bóginn er enn sýnileg steypa aðgengileg. Þannig eru stórir veggfletir aðgengilegir í bílskúr og súlur og bitar sjást einnig. Steypan er misjöfn. Víða eru stórir fletir í lagi en greinilegur aðskilnaður sést t.d. í súlubotnum svo og á stórum flötum í bílskúrsveggjum. Malarhlutinn er þar greinilega skilinn frá. Vettvangsskoðunin sýndi eftirfarandi:

Greinilegur aðskilnaður hefur komið fram í steypunni á köflum en á milli er hún í lagi.“

Hér á eftir fara spurningar þær sem settar eru fram í matsbeiðni og svör matsmanna við þeim: Orsakir galla.

Sp. 1.1 Hvort gallarnir á veggjum hússins séu lélegum gæðum steypunnar að kenna, eða hvort aðrar ástæður séu til þess?

Sv. Matsmenn telja orsök hrönglmyndunarinnar vera aðskilnað sem stafi af of lágu sementsmagni og finefnainnihaldi steypunnar. Slíkri steypu er mjög hætt við aðskilnaði ef hún er gerð fljótandi. Þessi hætta eykst verulega ef steypan er látin falla frítt niður um há lóðrétt dælurör og steypustraumurinn rofnar og verður ekki samfelldur.

Sp. 1.2 Hvort dæla megi steypu með þjálniefninu „flot 78“ og með styrkleika S-200?

Sv. Matsmenn telja, að styrkurinn einn sér skipti litlu máli um það hvort dæla megi steypunni eða ekki og ekki sé beint samband milli styrks og dælingarhæfni. Það sem skipti höfuðmáli sé: sementsmagn, góð korna-dreifing, finefnainnihald.

Á hinn bóginn er það svo að hærri styrkleiki krefst gjarnan aukins sementsmagns sem aftur bætir dæluhæfni og dregur úr aðskilnaðarhættu. Flot 78 (Fliessmittel 78) er viðurkennt sérvirkt þjálniefni og ekkert því til fyrirstöðu að dæla steypu sem gerð hefur verið fljótandi með því, svo fremi sem aðrir eiginleikar steypunnar hafi verið í lagi gagnvart dælingu fljótandi steypu.

Sp. 1.3 Hvort finefnamagnið í steypunni sé nægjanlega mikið og hvort það geti verið orsök gallans, ef það er of lítið?

Sv. Matsmenn telja finefnainnihald steypunnar óæskilega lágt og að það ásamt lágu sementsmagni skapi hættu á aðskilnaði sem aukist stórlega við að láta steypuna falla frjá lóðrétt niður há dælurör.

Sp. 1.4 Hvort nauðsynlegt hafi verið að hafa styrkleikann S-250, og ef svo er, þá hver áhrif það hefur haft að styrkleikaflokkurinn var aðeins S-200?

Sv. Matsmenn telja í sjálfu sér ekki nauðsyn að fljótandi dælusteypa

hafi styrkleikann S-250. Rökstuðningur svo og útskýring á því af hverju aukinn styrkur í sömu steypu bætir yfirleitt dæluhæfni er að finna í svari við spurningu 1.2.

Sp. 1.5 Hvort aðskilnaðurinn í steypunni sé alfarið rangri niðurlögn að kenna?

Sv. Matsmenn telja að frumorsök aðskilnaðarins sé of lítil innri samloðun steypunnar vegna lágs sementsmagns og fínefnamagns steypunnar. Við niðurlögnina var síðan beitt tækni sem steypa af þessu tagi ekki þoldi, þ.e. henni dælt og látin falla frítt gegnum há lóðrétt dælurör.

Sp. 1.6 Almennt um það hverjar séu orsakir gallanna í veggjum hússins, og hvort steypan hafi staðist þær kröfur, sem gera má til hennar?

Sv. Svar matsmanna við þessari spurningu hefur þegar komið fram, skal hér enn tekið saman. Matsmenn telja þá galla sem þeir sáu (sjá kafla 5) stafa af of lítilli innri samloðun steypunnar vegna lágs sementsmagns og fínefnainnihalds steypunnar. Ef slík steypa er gerð fljótandi er hætta á aðskilnaði. Hvort sá aðskilnaður kemur fram eða ekki ræðst síðan af mótagerð, járngrind, hæð móta; aðferð við niðurlögn o.fl. Einkum kallar það á aðskilnað ef steypan er látin falla frjáls, verulega hæð.

Samantekið: Samsetning steypunnar er ekki hentug fyrir fljótandi steypu.

Ef steypa með slíka veikleika er látin falla þannig í mót að steypustraumurinn geti rofnað t.d. dælt gegnum há lóðrétt rör er hætta á að malarhlutinn skilji sig frá þó steypan geti verið í lagi ef straumurinn er samfelldur.

Merki sáust um of litla titrun. Titrun getur þó síst af öllu unnið móti aðskilnaði og er því ekki höfuðskaðvaldur hér.

Viðgerð:

Sp. 2.1 Hvort mögulegt sé að gera við veggina í aðalhæð hússins, þannig að telja meg þá gallalausa eftir viðgerðina?

Sv. Matsmenn telja nær ómögulegt að gera við steypu þannig að enginn áferðarmunur sjáist. Ef steypan er hins vegar máluð er hægt að gera við þannig að gallalaust meg teljast. Slíka viðgerð þarf þó að vanda sérstaklega vel.

Sp. 2.2 Hvað kosti að gera við veggina í aðalhæð hússins, og þ.m.t. hver sé að dómi matsmanna hæfilegur kostnaður við þær viðgerðir, sem þegar hafi farið fram?

Sv. Matsmönnum er ómögulegt að meta viðgerðarkostnað við meintar skemmdir þar sem búið var að hylja veggina með sprautaðri múrhúðun þegar matsmenn skoðuðu húsið. Meintar skemmdir voru ekki mældar upp né heldur voru teknar myndir af húsinu í þeirri mynd sem deilt er um. Þessari spurningu verður því ekki svarað án þess að matsmenn fái sannlegar

magntölur (eða samþykktar af báðum) sem sýni magn nauðsynlegra viðgerða.

Sp. 2.3 Ef svarið við spurningunni í 2.1 er neikvætt, þá er óskað álits á því hve verðryrnun hússins sé mikil vegna þess að ekki er hægt að gera fullkomlega við veggina.

Sv. Matsmenn telja að engin verðryrnun þurfi að koma fram á húsinu svo fremi sem viðgerðirnar hafi verið unnar nógu vel. Matsmenn vilja þó benda á að ekki nægi að sprauta múr utan á aðskilnaðarhröngl til að viðgerðin geti talist fullnægjandi.“

Samantekt. Matsmenn telja að hröngl það sem sýnilegt er í súlu aðal-hæðar hússins við Malarás 7 svo og í veggjum bílskúrs hússins að innan stafi af aðskilnaði í steypunni.

Orsök aðskilnaðarins sé samtvinnum nokkurra þátta. Samsetning steypunnar er ekki hentug fyrir fljótandi steypu. Lágt sementsmagn og fínefnainnihald valdi rýrri innri samloðun steypunnar sem skapar aðskilnaðarhættu. Steypan var síðan lögð í mót með dælu og dælt í gegnum bein lóðrétt rör. Nái steypustraumurinn að rofna á leiðinni niður kastast malarhlutinn oft frá steypunni og hrönglið kemur fram sem einskorna mól. Matsmönnum var ekki mögulegt að meta viðgerðarkostnað á meintum göllum sem þegar hafa verið huldur þar sem engar magntölur lágu fyrir. Þá er að lokum skoðun matsmanna að engin verðryrnun þurfi að koma fram svo fremi sem viðgerðirnar hafi verið unnar á fyrsta flokks máta.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann hafi kvartað við stefnanda um meinta galla innan viku frá því að steyp var.

Lýsingu stefnda á göllum í steypunni sem fram komi í aðilaskýrslu hans hafi ekki verið hnekkt og á henni verði að byggja. Hið sama gildi um lýsingu múrarameistarans Jörundar Guðlaugssonar á göllunum.

Í málinu hefur verið lögð fram lýsing múrarameistarans á göllunum ásamt reikningi fyrir þær viðgerðir sem fram hafa farið. Skjal þetta er dagsett 1. nóvember 1982 og er svohljóðandi:

„Áður en viðgerð hófst á útveggjum Malaráss 7, mátti víða sjá hreiður vegna aðskilnaðar í steypunni, aðallega á súlum og veggjum með raufum. Víða þurfti að brjóta og fjarlægja laust efni og fylla að nýju og voru þessir staðir helstir: Mest á stöfnum hússins, þá aðallega suðurgafi frá svalahurð að suð-austur horni en þar voru bæði göt á veggjum og laust efni innfyrir járnabindingu, eitt gatið var 10 cm frá vasa og var þó víbrað á venjulegan hátt í vasann og hann fullur. Suð-vestur hornið hrundi hreinlega af og stóðu járnin ber eftir. Svo til allar raufar þurftu lagfæringar við og var mest vinna við það.

Einnig voru göt á austur og vestur hliðum sem eru sléttar.

Kostnaður við unnar lagfæringar er:

96 klst. á 85/60	kr. 8.217,60
7 sk. sement á 60/70	“ 424,90
10 tn sandur á 26/82	“ 268,20
10 pk perla á 16/00	“ 160,00
	kr. 9.070,70

Sandur og perla er áætlað.

Vinnustundir naumlega reiknaðar.

Ótiltekið íblendiefni, s.s. léttblendi, síkalatex ofl. Enginn kostnaður verið reiknaður fyrir vélar og rafmagn né akstur á sandi og perlu.“

Hinn 18. maí sl. gerði múrarameistari áætlun um kostnað vegna viðgerða sem taldar eru nauðsynlegar á húsinu að Malarási 7 og er hún svohljóðandi:

„Kostnaðaráætlun á viðgerðum og endanlegum frágangi múrverks utanhúss á efri hæð Malarás 7, Reykjavík, til viðbótar því sem áður hefur verið gert.

Verkpallar:

Vinna ca. 32 klst. 160,00	kr. 5.120,00
Efni, timbur o.fl. ekki meðtalið	

Múrvinna:

Vinna ca. 70 klst. 170,00	— 11.900,00
---------------------------	-------------

Efni:

sement, sandur, loftblendi, íblöndunar- efni o.fl.	— 4.000,00
Hrærivél og akstur	— 1.000,00

Samtals kr. 22.020,00“

Hinn 1. júní sl. lagði stefndi fram útreikning á gagnkröfum sínum í málinu og er hann svohljóðandi:

„Útreikningur á gagnkröfum Jónasar Jónssonar á hendur Steypustöðinni hf. vegna kostnaðar við viðgerð á steypu í aðalhæð hússins nr. 7 við Malarás í Reykjavík.

	Höfuðstóll	Vextir
Upphaflegt verð steypunnar	kr. 21.699,93	
umsamin afsláttur 16%	— 3.471,98	
	kr. 18.227,95	

Vextir til 1.11.82		kr. 15.133,87
Viðgerðarkostnaður vegna viðgerða sem unnar voru fyrir 1.11.82	— 9.070,70	
		kr. 6.063,00
Vextir til 1.6.83	— 4.988,83	
Samtölur	kr. 18.227,95	kr. 11.051,83
Samtals	kr. 29.278,83	
Kostnaður við þær viðgerðir sem eftir eru samkvæmt áætlun Jörundar Guðlaugs- sonar dags. 18.5.83	— 22.020,00	
	kr. 7.258,82	

Af hálfu stefnanda er því mótmælt að gagnkröfur stefnda komist að í málinu og jafnframt að þær megi nota til skuldajafnaðar. Þá mótmælir stefnandi kröfum stefnda sem örökstuddum.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að stefndi hafi pantað hjá stefnanda steypu af styrkleikaflokknum S-200 eins og ráð sé fyrir gert á verkfræðiteikningu af húsi hans og þá steypu hafi hann fengið afhenta gallalaus en ekkert komi fram í gögnum málsins að henni hafi verið áfátt. Stefndi hafi og pantað þjálniefnið Flot 78 sem hann hafi fengið. Steypan hafi verið afhent á réttum stað þ.e.a.s. upp í dælubílinn sem notaður hafi verið til að dæla henni í steypumótin.

Stefndi hafi sjálfur tekið þá ákvörðun að dæla steypunni í mótin og óskað eftir því að stefnandi pantaði dælubíl sem hann hafi gert. Steypir hf., sem lagt hafi til dælubílinn, sé ekki dótturfyrirtæki stefnanda heldur sé um að ræða tvö sjálfstæð fyrirtæki, óskylda aðila. Stefnandi beri því enga ábyrgð á dælingu steypunnar og því ekki á göllum á henni sem rekja megi til dælingarinnar.

Gallarnir stafi fyrst og fremst af misheppnaðri niðurlagningu steypunnar og mótauppsláttar sem stefnandi beri enga ábyrgð á.

Við afhendingu steypunnar hafi stefndi fengið í hendur seðil sem á standi að tilkynna verði um galla í steypu innan 30 daga frá afhendingu hennar en það hafi stefndi ekki gert og af þeim sökum sé hugsanlegur bótarréttur hans fallinn niður.

Stefnda beri því að greiða verð steypunnar eins og krafist sé.

Stefndi heldur því fram að stefnandi beri ábyrgð á þeim göllum sem séu á útveggjum húss síns og beri að bæta sér tjón vegna þeirra.

Stefnandi hafi haft vitneskju um að nauðsynlegt væri að steypa sú sem blanda ætti þjálniefni væri sementsrík til þess að ekki mynduðust í henni

skil og hreiður. Honum hafi borið skylda til að upplýsa stefnda um þetta en þeirri skyldu hafi hann ekki sinnt. Skyldan hafi verið ríkari fyrir þá sök að þjálfnefni hafi verið ný á markaðinum og stefnandi hafi vitað að byggingamenn hafi litla þekkingu haft á notkun þeirra. Steypan hafi því ekki verið venjuleg góð söluvara og hún hafi ekki haft það notagildi sem stefndi hafi mátt búast við. Ekki sé fullnægjandi undir þessum kringumstæðum að steypan standist brotþolsprófun. Þeir gallar á veggjum hússins sem rekja megi til þess að steypan hafi ekki verið nægilega sementsrík séu á ábyrgð stefnanda.

Stefnandi hafi séð um að útvega dælubil hjá dótturfyrirtæki sínu Steypi hf. Mjög náð samband sé á milli stefnanda og Steypis hf. og líta verði svo á að dælubílar Steypis hf. séu ekki á vegum kaupanda steypu nema sérstaklega sé um það samið. Í þessu sambandi skipti ekki máli þótt stefndi hafi greitt Steypi hf. fyrir dælinguna. Stefnandi hafi því ekki skv. 11. gr. sbr. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 39/1922 afhent steypuna fyrr en hún kom út úr röri dælubílsins og afhendingarstaðurinn sé steypumótin, en stefnandi hafi ekki samið sig undan áðurnefndri 11. gr.

Þeir gallar sem rekja megi til dælingar steypunnar séu því á ábyrgð stefnanda. Aðeins niðurlögn steypunnar sé á ábyrgð stefnda.

Af framangreindum ástæðum beri stefnanda skv. 2. mgr. 43. gr. laga nr. 39/1922 að bæta stefnda tjón hans en krafa stefnda sé um skaðabætur en ekki afslátt af kaupverði.

Niðurstaða dómsins.

Við munnlegan flutning máls þessa mótmælti stefnandi því að gagnkröfur stefnda kæmust að í málinu og að þeim mætti skuldajafna við kröfur stefnanda. Stefnandi rökstuddi ekki þessi mótmæli og er dóminum því ókunnugt um á hverju þau eru byggð. Þegar af þeirri ástæðu verða þau ekki tekin til greina en að auki verður ekki annað séð en stefnda sé heimilt samkvæmt 49. gr. laga nr. 85/1936 að hafa uppi gagnkröfuna sem kom þegar fram í greinargerð hans.

Stefnandi heldur því fram að stefndi hafi glatað bótarétti vegna þess að hann hafi ekki kvartað um galla á steypunni innan 30 daga frá því að hún var afhent svo sem honum hafi borið að gera samkvæmt ákvæði í móttökukvittun fyrir steypunni.

Þessi frestur er settur einhliða af stefnanda án þess að stefndi hafi samþykkt hann og án þess að fresturinn sé hluti af samningi aðila málsins um kaup á steypunni. Þegar litið er til þess hvernig fresturinn er til kominn verður að telja að stefnanda beri að sanna að kvörtun hafi ekki komið fram á meðan hann stóð en stefnandi hefur enga tilburði haft í þá átt en einungis sett fram fullyrðingar þar að lútandi sem stefndi hefur mótmælt.

Þykir stefnandi því engan rétt geta byggt á því að kvörtun hafi komið of seint fram og er þá ekki tekin afstaða til þess hvort frestur sem til er kominn á framangreindan hátt hefur eitthvert gildi í sjálfu sér.

Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna kemur fram sú skoðun þeirra að frumorsök þess að skil og hreiður mynduðust í veggjum húss stefnda sé of lítil innri samloðun steypunnar vegna lágs sements- og finefnamagns hennar. Þá hafi það aukið hættuna á aðskilnaði að steypan varð gerð fljótandi. Þá taka matsmennirnir fram að það ráðist af mótagerð, járngrind, hæð móta, aðferð við niðurlögn, en steypa af þessu tagi hafi ekki þolað dælingu, og fleiri atriðum hvort aðskilnaður komi fram eða ekki. Ennfremur geta matsmenn þess að aukinn styrkleiki steypunnar, þ.e. þótt hann hefði verið S-250, sé engin trygging fyrir því að aðskilnaður komi ekki fram.

Á þessar niðurstöður matsmanna verður að fallast.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir mega líta svo á að orsakir þess að skil og hreiður mynduðust í veggjum hússins séu þríþættar.

Í fyrsta lagi lágt sements- og finefnamagn steypunnar og blöndun hennar með þjálniefni.

Í öðru lagi að steypunni var dælt í mótin.

Í þriðja lagi niðurlögn hennar að öðru leyti, gerð móta, járnending og skyld atriði.

Útilokað er að gefa þessum þremur þáttum ákveðið vægi innbyrðis.

Ljóst er og viðurkennt að á síðasta þættinum ber stefndi alfarið ábyrgð.

Telja verður að stefnandi hafi afhent steypuna þá er hún var flutt úr steypubílnum yfir í dælubílinn, en múrarmeistari stefnda óskaði eftir því við stefnanda að hann pantaði dælubíl til að dæla steypunni, hvað hann gerði. Stefndi mun hafa greitt Steypi hf. beint fyrir dælinguna. Steypir hf. er ekki dótturfélag stefnanda samkvæmt 2. gr. laga nr. 32/1978. Múrarmeistari stefnda vissi eða mátti vita að hátt óhindrað fall steypu eykur hættu á aðskilnaði hennar, hvort sem steypa er blönduð þjálniefnum eða ekki.

Með framangreind atriði í huga verður ekki talið að stefnandi beri ábyrgð á þeirri auknu hættu á aðskilnaði sem leiddi af dælingu steypunnar, eða þeim aðskilnaði sem af henni kann að hafa leitt.

Múrarmeistari stefnda kveðst hafa pantað hjá stefnanda steypu í styrkleikaflokki S-200 ásamt þjálniefni og rannsóknir hafa leitt í ljós að steypan sem stefndi fékk svaraði þeim styrkleikaflokki.

Ljóst er að betri viðskiptahættir hefðu verið hjá stefnanda að benda stefnda á að hætta á aðskilnaði ykist við að blanda þjálniefni í steypuna en úr þeirri hættu mætti draga með því að auka finefnamagn hennar, en stefndi ræddi við einhverja starfsmenn stefnanda um íblöndun þjálniefna

þó ekki tæknimenntaða. Tæpast verður þó talið að stefnanda hafi borið bein skylda til þess enda mun hann ekki á þessum tíma né síðar hafa veitt ráðgjöf um steypu nema þess væri sérstaklega óskað. Hér verður að hafa í huga þá ábyrgð sem múrarameistari ber samkvæmt IV. kafla byggingar-reglugerðar nr. 292/1979 gr. 4.2. svo og það atriði að aukið fínefnamagn og styrkleikaflokkurinn S-250 útilokaði engan veginn að aðskilnaður í steypunni kæmi fram.

Samkvæmt þessu verður ekki talið að stefnandi beri skaðabótaábyrgð á þeirri auknu hættu á aðskilnaði sem leiddi af því að notuð var steypa S-200 en ekki S-250 eða þaðan af sterkari, eða þeim aðskilnaði sem af þessu kann að hafa leitt.

Stefnanda ber því að sýkna af gagnkröfu stefnda um greiðslu skaðabóta.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu verður að líta svo á að skuld stefnda við stefnanda sé í vanskilum. Samning húsbýggjenda í Selási við stefnanda sem að framan er rakinn verður að skilja svo, og er þá m.a. hafður í huga framburður Jóhannesar Óla Garðarssonar, að steypukaupendur hafi ekki átt rétt á afslætti af því steypuverði sem afslátturinn var miðaður við nema þeir greiddu samkvæmt því samkomulagi sem upphaflega var gert eða semdu annars sérstaklega um greiðslufyrirkomulag og afslátt. Krafa stefnda um að hann fái afslátt af kaupverði steypunnar verður því ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins er því sú að stefnda beri að greiða stefnanda kröfur hans.

Málkostnaður sem stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.500,00.

Dóm þennan kváðu upp Friðgeir Björnsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Flosi Ólafsson múrarameistari og Gunnar Torfason verkfræðingur.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jónas Jónsson, greiði stefnanda, Steypustöðinni hf. kr. 21.699,93 með 46% ársvöxtum frá 1. október 1980 til 1. mars 1981, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 4. maí 1982, með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með 47% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.500,00 í málkostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.